

Anton Kári Halldórsson,  
Skipulags- og byggingarfulltrúi Skaftárhrepps  
Klausturvegur 15  
880 Kirkjubæjarklaustur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 14. ágúst 2012  
Tilvísun: UST20120500002/ksj

## **Tillaga að deiliskipulagi svæðis við minningarkapellu Jóns Steingrímssonar á Kirkjubæjarklaustri.**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Skaftárhrepps er barst 2. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir tveggja hektara svæði við minningarkapellu Jóns Steingrímssonar á Kirkjubæjarklaustri. Á svæðinu eru rústir klaustursins að Kirkjubæ og opið svæði til sérstakra nota þar sem er kirkjugarður.

### **Deiliskipulagssvæðið**

Svæðið sem deiliskipulagstillagan nær yfir er í Kirkjubæ í Skaftárhreppi þar sem nunnuklaustur stóð frá 1886 – 1554. Á deiliskipulagssvæðinu hafa staðið yfir fornleifarannsóknir og miðar að því að gera þjóðminjasvæðið aðgengilegt gestum. Deiliskipulagssvæðið er miðsvæðis á Kirkjubæjarklaustri.

### **Markmið deiliskipulagstillögunnar**

Markmið með deiliskipulaginu er eftirfarandi: að útbúa áningarstað með fræðslu um nunnuklaustrið á Kirkjubæjarklaustri, að bæta umhverfi fyrir gesti kapellunnar og ferðamenn, að tryggja aðgengi fyrir alla á skipulagssvæðinu og stuðla að aukinni virðingu fyrir menningarminjum á staðnum. Einnig er markmið að efnisval og form sé í samræmi við umhverfið.

### **Sýningarsvæði**

Áætlað sýningarsvæði er 198 fermetra hola u.þ.b. 1 meter á dýpt og hellulagt svæði umhverfis. Einnig er áætlað að byggja 6 fermetra upplýsingaskýli og skv. tillögunni mun útlit og byggingarefni skýlisins taka mið af byggingarefni klaustursins

### **Niðurstaða**

Umhverfisstofnun hefur farið yfir markmið og skipulagsforsendur fyrir áætlað deiliskipulag.

Á svæðinu eru ekki svæði á náttúrminjaskrá, þar finnast ekki jarðminjar eða vistgerðir er falla undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við tillögu að deiliskipulagi Nunnuklausturs á Kirkjubæ.

Virðingarfyllst

*A. Björnsdóttir*

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Deildarstjóri

*Kristín S. Jónsdóttir*  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun